



FÉLAGSMÁLARÁDUNEYTÍÐ

Til allra sveitarfélaga

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 560 9100, Bréfasími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: http://www.stjr.is/fel

Reykjavík 16.4.1999

Tilvisun: 98020040/021-33-0

PV/-

Umburðarbréf um húsaleigubætur.

*Tekjur í merkingu 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1997,
um húsaleigubætur. Viðmiðunararfjárhæð 3. mgr. sama ákvæðis.*

Félagsmálaráðuneytið hefur í tilefni af fyrirspurnum um skýringu á 9. gr laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, tekið saman leiðbeiningar um, hvað telja beri tekjur í merkingu 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Jafnframt fylgja upplýsingar um breytingu á viðmiðunararfjárhæð 3 mgr. sama ákvæðis.

1. Bætur almannatrygginga.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, er fjallað um tekjur í merkingu laganna. Tekið er fram að átt sé við allar tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1997 er sérákvæði. Af orðalagi ákvæðisins og lögskýringargögnum leiðir, að til tekna skv. lögum nr. 138/1997 teljast *ekki* bætur sem greiddar eru á grundvelli laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Þær bætur sem hér um ræðir eru:

- (1) Ellilifeyrir, sbr. 11. gr.
- (2) Örorkulifeyrir, sbr. 12. gr.
- (3) Örorkustyrkur, sbr. 13. gr.
- (4) Barnalifeyrir til 18 ára aldurs, sbr. 14. gr.
- (5) Tekjutrygging, sbr. 17. gr.
- (6) Vasapeningar, sbr. 43. gr.
- (7) Fæðingarstyrkur, sbr. 15. gr. (Fré alm. tr.).
- (8) Fæðingardagpenningar, sbr. 16. gr. (Fré alm. tr.).
- (9) Sly sadagpenningar, sbr. 26. gr.

O= Hefur ekki ókrift a íslenskum húsaleigubætum.

- (10) Sjúkradagpeningar, sbr. 38. gr.
- (11) Dánarbætur vegna slyss, sbr. 30. gr.
- (12) Dánarbætur skv. b/c-lið 30. gr.

Um bætur sem greiddar eru, skv. lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, fer eftir 1. mgr. 9. gr. laga nr. 137/1998. Það fer því eftir skýringu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hvort slikar bætur teljist til tekna samkvæmt lögum nr. 137/1998. Bætur sem greiddar eru samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, eru eftirsarandi:

- 1. Mæðra- og feðralaun, sbr. 2. gr.
- (2) Barnalífeyrir, vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmannis á aldrinum 18-20 ára, menntunarbarnalífeyrir og menntunarmeðlag, sbr. 3. gr.
- (3) Umönnunargreiðslur vegna barna, sbr. 4. gr.
- 4. Makabætur, sbr. 5. gr.
- 5. Dánarbætur, sbr. 6. gr.
- 6. Ekkjulífeyrir, sbr. 7. gr.
- 7. Endurhæfingarlífeyrir, sbr. 8. gr.
- 8. Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót, sbr. 9. gr.
- 9. Bensínstyrkur, sbr. 11. gr.,
- 10. Uppbætur vegna sérstakra aðstæðna, sbr. 10. gr.,
- 11. Dvalarheimilisuppbót, sbr. 10. gr.

Af 2. tölul. A-lið 7. gr. laga nr. 75/1981 og leiðbeiningum ríkisskattstjóra RSK 8.01 leiðir, að *umönnunarbætur*, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1993, svo og *barnalífeyrir*, *menntunarbarnalífeyrir*, og *menntunarmeðlag*, sem greitt er á grundvelli 3. gr. sömu laga teljast ekki til tekna í merkingu 1. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1997. Komi upp vafi, á hvaða lagagrundvelli bætur eru greiddar, er rétt að leita upplýsinga um slikt hjá Tryggingastofnun ríkisins.

O = Hefur ekki óhnf a ítræki, húsdæingubóta